

Nd. 679. Frumvarp til laga [182. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna þjóðminjasafnshússins.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 550 þúsund króna innlent lán, er varið verði til að ljúka byggingu þjóðminjasafnshússins.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Byggingu þjóðminjasafnshússins er senn lokið, og hefur þjóðminjavörður tekið við rekstri þess frá síðustu áramótum. Byggingarkostnaðurinn nemur samtals um 7 milljónum króna, en stærð hússins er 18748 teningsmetrar. Kostar því hver teningsmetri 373 krónur. Ógreiddir reikningar og það, sem óunnið er við bygginguna, nemur innan við 550 þúsund krónum, og er með tillögu þessari farið fram á heimild til lántöku, svo að unnt sé að ljúka byggingunni. Lántökur vegna byggingarinnar nema um 2.5 milljónum króna.